

FUNDARGERÐ

62. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn miðvikudaginn, 4. febrúar 2009, kl. 15:30, í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ, Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Sigurlína Davíðsdóttir, Meyvant Þórólfsson og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Eyrún og Sigurjón boðuðu forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Aðalfundur Félags um menntarannsóknir. Samþykkt að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 5. mars 2009, kl. 15:30.
3. Tímarit Félags um menntarannsóknir.
 - a) Fimmti árgangur ritsins kom út nýlega. Stjórn FUM hefur séð um að dreifa og kynna ritið. Það hefur verið sent til allra félaga sem hafa greitt félagsgjald og til bókabúða. Samþykkt að taka aðila af félagalista sem ekki hafa greitt félagsgjald í þrjú ár. Umfjöllun um ritið hefur verið send upplýsingafulltrúa Menntavísindasviðs HÍ, Kennarasambandi Íslands og ritstjóra Skólavörðunnar. Kynning verður send í tölvupósti til skóla, safna o.fl. með boði um áskrift. Nemendum í meistara- og doktorsnámi sem gerast félagar í félaginu eða kaupa ritið verður boðið að fá eldri árganga endurgjaldslaust.
 - b) Formaður lagði fram til kynningar tillögur frá ritstjórn tímaritsins um ritstjórnarstefnu ritsins (efni ritsins o.fl); reglur um útgáfu ritsins (um útgefanda, gjöld, skipan ritstjórnar, verkaskiptingu milli stjórnar FUM og ritstjórnar); verkferil ritstjórnar við útgáfu ritsins (s.s. innköllun greina, efni til ritrýna, mat á greinum, yfirllestur, próförk og prentun, ásamt tímasetningum); leiðbeiningar til greinahöfunda. Tillögurnar verða teknar til samþykktar eða staðfestingar á næsta fundi stjórnar.
4. Orðasafn á sviði menntunarfræða. Undirbúningur orðanefndar á vegum FUM hefur verið kynntur nýskipuðum forseta Menntavísindasviðs. Samþykkt að tilnefna Guðrúnu Geirsdóttur, lektor, sem fulltrúa FUM í nefndina. Í undirbúningi er að Kennarasamband Íslands velji fulltrúa sinn í nefndina.
5. Námskeið og fræðslufundir. Samþykkt að reyna að halda námskeið um Nvivo og Power Point í samstarfi við menntavísindasvið síðar í þessum mánuði eða í mars.

Næsti fundur stjórnar verður 25. febrúar kl. 15.30

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:45.
G.G.Ó.